

56
12. júní

REGLUGJÖRÐ

um

eftirlit með lyftum.

1. gr.

Reglugjörð þessi gildir fyrir vélknúnar lyftur eða lyftitæki með kassa eða trogi, sem hreyfist milli fastra stýristeina.

Fyrir sérstakar lyftur, svo sem Paternoster-lyftur eða efnislyftur við húsagjörð, getur skoðunarmaður veitt tilslakanir.

I. Búnaður og traustleiki.

A. Almenn ákvæði.

2. gr.

Lyfta með öllum tækjum skal vera vel traust að gerð og efni.

Auk ákvæða eftirfarandi greina, skal sérhver lyfta fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru í byggingarsamþykkt á hverjum stað.

Rafknúnar lyftur skulu ennfreður fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í gildandi lögum og reglugjörðum um rafmagn.

3. gr.

Sérhver lyfta skal greinilega merkt með nafni smíðsins og smíðaárinu og tölusett.

4. gr.

Braut lyftunnar skal vera innan fastra veggja eða svo girt, að mönnum sem gæta fullrar varúðar stafi ekki hættu af.

Girðingin skal allsstaðar vera minnst 1,9 m. há frá gólfi. Sé girðingin úr vírneti eða vírrimlunum, skal möskvastærð, eða fjarlægð milli rimla eigi vera meiri en 2 cm. Gildleiki þráðs í vírneti skal vera minnst $1\frac{3}{4}$ mm. að þvermáli.

5. gr.

Við endastöðvar lyftunnar skal vera nokkuð bil fyrir ofan og neðan stólinn. Við fólkslyftur má þetta bil þó ekki vera minna en 0,5 m.

6. gr.

Á „Paternoster“-lyftum skal vera minnst 1 m. frítt rúm fyrir ofan stólana þegar þeir eru í efstu stöðu sinni.

7. gr.

56

Sérhvert op eða dyr sem liggja inn í lyftusvelginn skulu hafa 12. júní hurð, sem opnast út, og ávallt er lokað, nema þegar lyftustóllinn er móts við dyrnar.

Séu hurðirnar úr vírneti eða rimlum, skulu þær fullnægja kröfum 4. gr.

Sjálfvirkar hurðarlæsingar á dyrum svelgsins mega ekki, nema undir sérstökum kringumstæðum, vera þannig gerðar, að hægt sé að opna þær eða loka utan frá.

Við allar dyr svelgsins skal vera hæfilega bjart á meðan lyftan er í gangi.

8. gr.

Andvægi skulu á allri braut sinni hreyfast innan fastra stýrsteina. Ef braut andvægjanna endar ekki á föstum grundvelli, skal svo umbúið að andvægið lendi á hæfilega traustum undirstöðum ef burðarstrengirnir breyta. Ef andvægi er utan lyftusvelgsins skal braut þess afgirt eða varin samkvæmt 4. gr.

Braut andvægjanna má ekki enda yfir stöðvum eða göngum þar sem umferð er.

9. gr.

Lyftan skal þannig gjörð, að hraði stólsins geti ekki vaxið fram úr ákveðnu hámarki.

Lyftuhraði má ekki meiri vera en 1,5 m/sek., nema sérstaklega standi á og leyfi skoðunarmanns komi til.

10. gr.

Lyftustóllinn skal hafa sjálfvirkar gripklær, sem stöðva hann eftir mest 0,15 m. fall ef burðarstrengirnir breyta.

Gripklærnar skulu þannig varðar, að ekki sé hætt á að fólk eða farangur í lyftustólnum geti hindrað þær í hreyfingu.

Undanskilin ákvæðum þessum eru þó:

1. Vörulyftur, sem ekki flytja fólk, þar sem dyr svelgsins eru ekki hærri en 1 m. og burðarmagn stólsins ekki er yfir 100 kg.
2. Vörulyftur, sem ekki flytja fólk og ganga aðeins milli tveggja hæða, þar sem innbyrðis hæðarmunur er mest 1,5 m.

11. gr.

Herbergi það, sem vindan er í, skal vera rakalaust og hæfilega bjart.

Þar sem ástæður leyfa, skal vera minnst 1,8 m. undir loft og svo stórt herbergið, að hæfilegt gangrúm sé kringum vinduna. Jafnan skal

56 það vera svo stórt að vinnan verði tekin sundur og sett saman án 12. júní vandkvæða.

B. Sérstök ákvæði um fólkslyftur.

12. gr.

Lyftusvelgurinn skal á alla vegu girtur í fulla loftshæð. Endi svelturinn að ofan ekki með heilu lofti, skal rétt fyrir ofan efstu stöðu stólsins vera vírnet, sem byrgi yfir svelginn.

13. gr.

Dyr svelgsins skulu þannig búnar að hurðir séu í línu við vegg svelgsins að innan. Hurðir skulu þannig læstar, að einungis sé hægt að opna þær, þegar lyftustóllinn er móts við þær, og ekki má vera hægt að setja stólinn í hreyfingu fyrir en allar hurðir að svelgnum eru lokaðar.

14. gr.

Um stólinn skulu á alla vegu vera heilir veggir, nema þar sem dyr eru, þó má í stað veggja vera vírnet eða rimlagirðing og má þá möskvastærð netsins eða fjarlægð milli rimla vera 2 cm. hið mesta.

Í öllum dyragáttum inn í svelginn skulu vera hurðir sem opnast út. Sé enginn lyftuvörður skulu allar hurðir standa í þannig sambandi við aflvél lyftunnar, að ekki sé unnt að setja stólinn á hreyfingu, nema allar hurðir séu lokaðar, og að hann stöðvist þegar, ef ein hurðin opnast meðan hann er í hreyfingu.

15. gr.

Engar hurðir þarf í dyragáttum lyftustólsins, ef tryggt er að allir veggir og hurðir svelgsins á inngönguhlið séu sléttar og ekkert sem nemur inn í svelginn og stóllinn er ekki meira en 2,5 cm. frá veggjum.

16. gr.

Þegar lyftan er notuð skal vera hæfilega bjart í henni. Ef ekki er stöðugt ljós í stólnum, skal svo um búð, að ljós kvikni þegar stigið er inn í stólinn.

17. gr.

Í stólnum skal vera stöðvunartæki, greinilega merkt og skal vera hægt með því að stöðva ferð stólsins, hvar sem hann er staddur. Ennfremur skal vera í stólnum tæki til að gefa með neyðarmerki, sem heyrast skal greinilega á þeim stöðum utan svelgsins, sem umferð er um. Merki skal vera hægt að gefa í hvaða stöðu sem stóllinn er.

18. gr.

56

Lyftustólar sem ekki eru hreyfðir með skrúfum eða kólfum, 12 júní skulu hanga í 2 strengjum hið minnsta og skal hver strengjanna um sig þola að bera stólinn án þess að hann reynist fram úr $\frac{1}{3}$ af brotþoli. Nánari reglur um útreikning á styrkleik strengjanna setur atvinnuráðaráðherra, ef þurfa þykir.

Stálstrengi, sem hafa hærra þrotþol en 14000 kg./cm.² má ekki nota.

19. gr.

Andvægi skulu hanga í 2 strengjum, sem fullnægja kröfum 18. greinar.

20. gr.

Á lyftu skulu vera tvenn, hvort öðru óháð stöðvitæki (sjálfvirk, sem stöðva hreyfingu stólsins, þegar hann er kominn í efstu eða neðstu stöðu sína. Annað tækja þessara skal óháð hliðartækjunum.

21. gr.

Utanvert á hverjar inngöngudyr skal fest spjald með greinilegri áletrun „Varlega — Lyfta“, ennfremur um hæstu leyfilega farþegatölu.

Ef lyftan er ekki sjálfvirk, skal ennfremur standa á spjaldinu: „Má ekki notast án lyftuvarðar.“

Á spjaldi, sem fest skal upp rétt hjá stjórnartækinu, skal tilgreina hve margir mega mest fara með lyftunni í einu.

C. Sérstök ákvæði um vörulyftur.

22. gr.

Svo skal búið um allar hurðir á lyftusvelgnum, að stóllinn verði aðeins settur í hreyfingu þegar þær eru lokaðar.

Undanskyldar eru þó ákvæði þessu, lyftur, sem ganga aðeins milli tveggja hæða og burðarmagn lyftunnar er mest 100 kg.

23. gr.

Stóllinn skal ganga innan traustra veggja, nema á þeim stöðum, sem dyr eru. Sé lyftan utanhúss skal svo um búið, að flutningur geti ekki dottið úr stólnum.

24. gr.

Stólar sem ekki hreyfast með skrúfu eða kólfi, skulu hanga í einum eða fleiri strengjum sem fullnægi kröfum 18. gr.

Um andvægi gilda ákvæði 18. gr.

56

12. júní

25. gr.

Sérhver vörulyfta án lyftuvarðar, skal þannig gerð, að ekki sé hægt að ná til stjórnækisins frá stólnum.

26. gr.

Lyftan skal þannig gerð að stóllinn stöðvist sjálfkrafa í efstu og neðstu stöðu sinni.

27. gr.

Þegar vörulyftur eru ætlaðar einnig til þess að flytja fólk, skulu þær fullnægja öllum þeim kröfum, sem gerðar eru til fólkslyftna.

Eigi að vera lyftuvörður í vörulyftu, skal hún fullnægja almennum kröfum um vörulyftur og auk þess uppfylla ákvæði 1.—21. gr.

28. gr.

Stóllinn skal þannig gerður, að lyftuvörður sé án hættu þegar lyftan er í gangi, enda gæti hann fullrar varkárni.

Ennfremur sé ljós í stólnum ef þurfa þykir.

29. gr.

Á hverri hurð vörulyftu skal vera greinilegt og hæfilega stórt spjald og standi á því „Vörulyfta — Varlega.“ Ennfremur skal á það letrað mestur þungi, sem í lyftuna má láta.

Ennfremur skal letra á spjaldið:

1. Á vörulyftum án lyftuvarðar: „Fólksflutningur bannaður.“
2. Á vörulyftum með lyftuverði: „Aðeins einn maður í lyftuna.“

Í hverjum lyftistól skal vera spjald, með greinlegri áletrun um mesta þunga, sem lyftan má bera.

II. Gæzla og hirðing á lyftum.

30. gr.

Sérhverri lyftu með því, sem henni tilheyrir, skal vel haldið við.

Einu sinni í hverjum mánuði skal sérhver lyfta skoðuð af kunnáttumanni, sem skoðunarmenn viðurkenna. Gallar, sem koma kunna í ljós við skoðun þessa skulu endurbættir, áður en lyftan er aftur tekin til notkunar.

31. gr.

Komi við rekstur lyftu einhverjir gallar í ljós, eða ef lyftan vinnur á einhvern hátt öðruvísi en skyldi, er eigandi skyldur að hætta að nota lyftuna og láta endurbæta það sem aflaga hefir farið.

Geti eigandi ekki litið nægilega vel eftir lyftunni, skal hann **56** fela ábyggilegum manni umsjón með henni, og er þá sá maður skyldur 12 júní að sjá um, að gallar sem koma kunna í ljós séu tafarlaust bættir.

32. gr.

Á meðan lyfta er ekki í gangi sökum viðgerðar eða skoðunar, skal það auglýst á öllum dyrum hennar.

33. gr.

Sé lyfta ekki þannig gerð, að hún sé stöðugt í gangi („Pater-noster“-lyftur), eða þannig gerð, að þeir, sem í lyftunni fara, geti án hættu stjórnað henni, skal í lyftunni vera lyftuvörður. Lyftuvörður skal vera ábyggilegur og skilja vel stjórnbúnað lyftunnar, enda sé hann fullra 16 ára og reglusamur.

III. Tilkynning og skoðun.

34. gr.

Þegar lyfta, ný eða eftir aðalviðgerð eða flutning óskast tekin til notkunar, skal seljandi eða viðgerðarmaður tilkynna það skoðunarmanni.

Nýjum lyftum, sem ekki hafa áður verið undir eftirliti, skal fylgja lýsing.

Eyðublöð undir tilkynningar og lýsingar fást hjá skoðunarmönnum.

Verði eigendaskifti að lyftu, skal hinn nýi eigandi tilkynna það innan 8 daga til skoðunarmanna.

35. gr.

Þegar lyfta er skoðuð skal ganga úr skugga um, að hún fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í reglugjörð þessari, og skal þá meðal annars gerð tilraun á lyftustólnum, til þess að ganga úr skugga um, að gripklær lyftustólsins séu í lagi. Skoðun skal fram fara einu sinni á ári, á lyftum sem flytja eiga fólk, eða vörur og fólk. Algengar vörulyftur skulu skoðaðar annaðhvort ár. Fallraun fylgi ávallt hverri skoðun.

36. gr.

Skoðun skal tilkynnt með 3 daga fyrirvara. Skal eigandi lyftu á þeim tíma undirbúa skoðunina sem þurfa þykir.

Við skoðun skal eigandi veita skoðunarmönnum alla nauðsynlega aðstoð að kostnaðarlausu.

56
12. júní

Aukaskoðun skal gerð milli aðalskoðana svo oft, sem þurfa þykir. Komi gallar á lyftu í ljós við aðalskoðun eða aukaskoðun, skal skoðunarmaður banna notkun lyftunnar, þar til úr göllunum hefir verið bætt.

37. gr.

Þegar lyfta hefir verið skoðuð og ekkert fundist athugavert við hana, skulu skoðunarmenn skrifa vottorð um niðurstöðu skoðunarinnar. Vottorð þetta skal fest upp í lyftustólnum undir gleri eða vírneti, og vera þar, þar til vottorð um næstu skoðun er sett upp.

38. gr.

Brot á reglugjörð þessari varðar sektum frá 20—2000 krónum nema þyngri hegning liggi við að lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

39. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 24, 7. maí 1928, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1929.

Jónas Jónsson.

Páll Pálmason.

57
18. júní

REGLUR

fyrir

Veðurstofu Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 15, 15. júní 1926 eru í dag gefnar út eftirfarandi reglur fyrir Veðurstofu Íslands.

I. Starfssvið Veðurstofunnar skal vera:

1. gr.

- a. Að safna gögnum til rannsókna á loftslagi landsins. Skal til þess hafa nægilega margar veðurathugunarstöðvar úti um land, sem standi undir umsjón og eftirliti Veðurstofunnar.